

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
nefnasvid@althingi.is

Ísafirði 31.maí 2021

Umsögn tillaga til þingsályktunar um gerð jarðgangna milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar mál 719, 151. löggjafarþing

Þingsályktunin fjallar um gerð jarðgangna á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar ýmist nefnd Álftafjarðargöng eða Súðavíkurgöng. Þrennt er lagt til við samgöngu og sveitarstjórnarráðherra

- skapa svigrúm fyrir gerð jarðgangnanna innan samgönguáætlunar 2020-2034
- jarðgöngin verði hluti af Jarðgangaáætlun sem hafinn er undirbúningur að
- skilað verði skýrslu um framangreind atriði fyrir lok árs 2021

Þingsályktunin byggir á efni þingsályktunar sama efnis mál 299, 150. löggjafarþing, en efni ályktunarinnar í nýrri gerð, er breytt í ljósi nýrra stefnuskjala. Annars vegar að nú liggur fyrir samgönguáætlun 2020-2034, þar sem ekki er gert ráð fyrir Álftafjarðargöngum en gert að tillögu að áætlunartímabilinu, verði 10 mkr ári lagðar til sameiginlegs jarðgangkostnaðar eða samtals 150 mkr. Hinsvegar að í jarðgangaáætlun 2020-2024, er gert ráð fyrir að unnin verði langtímastefna í uppbyggingu jarðganga s.m.b. 15. lið, 4.3. markmiðs um greiðar samgöngur.

Fjórðungssamband Vestfirðinga skilaði inn umsögn um mál 299 í janúar 2020 sem tók mið af tillögu til Alþingis að þingsályktun um samgönguáætlun og skýrslu aðgerðir í innviðamálum vegna óveðurs í desember 2019 og snjóflóða í janúar 2020. Þau sjónarmið sem þar koma fram standa fyrir sínu en þau skiluðu sér á engan hátt varðandi jarðgangmál í samþykktri samgönguáætlun.

Drög að samgönguáætlun og síðan afgangi Alþingis á áætluninni varðandi jarðgangaframkvæmdir á Vestfjörðum voru mikil vonbrigði. Af þessum sökum samþykkti stjórn og samgöngunefnd Fjórðungssambandsins að hefja gerð eigin samgönguáætlunar og yrði innan hennar væri sett fram jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði.

Í lok apríl s.l. var skýrsla Jarðgangaáætlun Vestfjarða lögð fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og hún samþykkt. Skýrsluna er birt á heimasíðu Vestfjarðastofu
https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/jardgangaaaetlun_2021_lokaskjal-1-.pdf

Samantekt skýrslunnar byggir á úttekt á nú jarðgangakostum og umræðu í sveitarstjórnnum um þá valkosti og forgangsröðun þeirra. Í hnotskurn þá leggja sveitarfélögin áherslu á að tenging innan atvinnusvæða sé forgangsmál, því núverandi samgöngukerfi svarar ekki kröfum atvinnulífs og samfélaga um heilsársopnun og öryggi, líkt og önnur atvinnusvæði hafa. Slíkt skerði samkeppnisstöðu og hindrar svæðið og sem og íslenskt samfélag að nýta tækifæri til fullnustu.

Í samantekt segir síðan.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa að undanfögnu borið saman bækur sínar varðandi forgangsröðun einstakra verkefna. Niðurstaðan verður væntanlega kynnt í Innviðaaætlun sem birt verður síðar á árinu. Sú skýrsla sem hér er lögð fram er hugsuð sem grunnur að jarðgangaáætlun þessarar Innviðaaætlunar.

Það er niðurstaða höfundar þessarar skýrslu að miðað við þau gögn sem þegar liggja fyrir ætti að setja í forgang verkefni sem tryggja örugga heilsársumferð án fjallvega og malarvega á aðalleiðum innan hvers atvinnu- og þjónustusvæðis. Það kallar á eftirfarandi jarðgangaf framkvæmdir:

- **Súðavíkurgöng, Hálfván og Miklidalur.** Ekki er ástæða til að raða þeim hér, en ekki er óeðlilegt að líta á Hálfván og Miklidal sem eitt verkefni. Samtals er lengd þessara ganga um 16 km og heildarkostnaður áætlaður um 40 milljarðar.
- **Breikkun Breiðadalsleggs Breiðadals- og Botnsheiðarganga** (sem þó ætti að líta á sem endurbyggingu en ekki eins og ný göng, frekar en við breikkun vega og brúa víðs vegar um landið þegar umferð kemst yfir tiltekin mörk). Lengd þess hluta ganganna sem þarf að breikka er rúmlega 4 km og áætlaður kostnaður rúmlega 6 milljarðar.

....

Lagt er til að fram fari frekari greining á samfélagslegum áhrifum einstakra valkosta við úrbætur á samgöngum, einkum gerð jarðganga, innan atvinnu- og þjónustusvæða. Greiningin ætti einnig að ná til áhrifa milli svæða og út fyrir fjórðunginn.

Félagshagfræðileg greining getur dregið fram mikilvægar upplýsingar sem gætu m.a. haft áhrif á forgangsröðun verkefnanna. Einnig þarf við forgangsröðun að líta til umferðarmagns, slysa, ófærðardaga og fleira.

Lagt er til við afgreiðslu þingsályktunarinnar

- a. að tekið verði mið af forgangsröðun vestfirskra sveitarfélaga og skapað svigrúm í Samgönguáætlun 2020-2034 til að koma þeim jarðgangakostum í forgang. Vísað er hér til fordæmis um aðkomu ráðuneytis og Vegagerðar, varðandi félagshagfræðilegrar greining við gerð skýrslunnar Seyðisfjarðargöng – Valkostir og áhrif á Austurlandi¹ (júní 2019). Hér er félagshagfræðileg greining forgangsmál.
- b. Jarðgangakostir samkvæmt forgangsröðun vestfirskra sveitarfélaga verði settir í forgang í væntanlegri Jarðgangáætlun stjórnvalda
- c. að skilað verði skýrslu til Alþingis um framgang málsins fyrir lok árs 2021.

Að lokum er vakin athygli viðhorfskönnun sem Vestfjarðastofa lét framkvæma á meðal íbúa á Vestfjörðum varðandi viðhorf þeirra til ferða um vestfirskar hlíðar og fjallvegi. Augljós eru mikil áhrif vöntunar á öryggi í samgöngukerfinu á atvinnuþáttöku og þáttöku í samfélagi almennt. https://www.vestfiridir.is/static/files/Fiskeldi/210112-nidurstodur_samgongur.pdf

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

¹ [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sey%
c3%b0isfjar%c3%b0arg%c3%b6ng_sk%c3%bdrsla.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sey%c3%b0isfjar%c3%b0arg%c3%b6ng_sk%c3%bdrsla.pdf)

